

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9ba. **32007 R 1494**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10.

innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25).

- 9bb. **32007 R 1497**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4).
- 9bc. **32007 R 1516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10).“

2. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 21aq (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006) í XX. viðauka við samninginn:

- „21aqa. **32007 R 1494**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25).
- 21aqb. **32007 R 1497**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4).
- 21aqc. **32007 R 1516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1494/2007, 1497/2007 og 1516/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.